

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/1999
frá 28. apríl 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB frá 24. september 1998 um breytingu á
tilskipun 97/33/EB að því er varðar númeraflutning milli fjarskipta fyrirtækja og forval
á flutningsaðila⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5cb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB) í XI.
viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0061**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB frá 24. september
1998 (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner